

Nd.

120. Frumvarp

til laga um breytingu á tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Flutningsmaður: Tryggvi Þórhallsson.

Síðasti málsliður 15. gr. skal orðast svo:

Sá, er brýtur móti grein þessari, skal gjalda sektir og skaðabætur eftir 5. gr. og þar á ofan 50—150 kr. fyrir hvern sel, sem skotinn er, og renna sektir allar að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð þar, sem brot er framið, og að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrar-manns. Byssan, sem skotið er með, skal og upptæk og andvirði hennar skift eftir sömu hlutföllum milli sömu aðilja.

Greinargerð.

Með breyttu verðgildi peninga hafa öll hlutföll raskast um hæð þessara sekta sem annara. Er frv. flutt samkvæmt ósk bænda í norðurhluta Strandasýslu.